



FUNDARGERÐ

276. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fjarfundi (TEAMS)
fimmtudaginn 19. mars 2020 kl. 15:00.

Mætt eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Skúli Björnsson, Björg Björnsdóttir, Benedikt Hlíðar Stefánsson og Aðalsteinn Þórhallsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er Gunnhildur Ingvarsdóttir fjarverandi.

Dagskrá:

1. Neyðarstig Almanna- og Almanna vegna Covid-19 - viðbragðsáætlun
2. Starfsmannamál – trúnaðarmál
3. Ísland ljóstengt – nýjustu tölur
4. Ekkjufellssel – lóðamál, fóðurstöð – niðurstaða af fundi 12. mars.
5. Vatnaáætlun – athugasemdir?
6. Iðavallaveita – staða mála
7. Önnur mál

Gunnar Jónsson, formaður, stýrði fundi.
Jón Jónsson lögmaður kom inn á fundinn undir lið 2.

1. Neyðarstig Almanna- og Almanna vegna Covid-19 - viðbragðsáætlun

Framkvæmdastjóri fór yfir viðbragðsáætlun HEF sem fylgt hefur verið frá 13. mars sl. til að tryggja sem best fulla virkni veitna og starfsemi félagsins:

- a) Skrifstofa HEF verður lokað almenningi og viðskiptavinum þar til annað verður ákveðið. Símaþjónusta og afgreiðsla með tölvupósti verður óbreytt.
- b) Stjórn félagsins mun hittast á fjarfundum á næstunni.
- c) Jón hefur komið sér fyrir og mun verða með starfsaðstöðu á verkstæði (Fóðurstöð) og skrifstofu stjórnstöðvar við Urriðavatn.
- d) Broddi mun koma sér fyrir í skrifstofukitrunni á lagernum í Smiðjuseli.
- e) Halla mun flytja tölvu sína heim og vinna þaðan, frá og með mánudegi.
- f) Aðalsteinn og Fjola munu starfa á skrifstofu Einhleypingi.

Upplýsingar um starfsemi HEF í heimsfaraldri verða uppfærðar á heimasíðu HEF, www.hef.is.

HEF er hluti af viðbragðsáætlun Fljótsdalshéraðs vegna Covid-19.

Framkvæmdastjóra falið að senda viðeigandi grunnskólum beiðni um neyðartillit vegna barna framlínustarfsfólks félagsins.

2. Starfsmannamál - trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

3. Ísland ljóstengt - nýjustu tölur

Fjarskiptasjóður hefur fengið áætlun fyrir ljósleiðaravæðingu Fljótsdalshéraðs frá ráðgjafa sínum. Taflan sýnir þær heildaráætlanir sem gerðar hafa verið vegna verkefnisins:

Áætlun nr.	Fj. tengdra staða	Millj. kr.
1	~300	482 án VSK
2	300	811 án VSK
3	289	581-662 án VSK
4	284	533 án VSK

Framkvæmdastjóra falið að vinna samanburðargreiningu á áætlunum og leita eftir viðbrögðum frá Snerru og Fjarskiptasjóði. Einnig er honum falið að sækja fundi með mögulegum samstarfsaðilum við ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins.

4. Ekkjufellssel - lóðamál, fóðurstöð - niðurstaða af fundi 12. mars

Framkvæmdastjóri greindi frá fundi hluta stjórnar með eigendum Herðishússins 12. mars sl. Stjórn felur framkvæmdastjóra HEF að greina kostnað fyrirtækisins við breytingu á lóðamörkum lóðar HEF og kynna fyrir stjórn. Í framhaldinu verði boðað til nýs fundar hið fyrsta.

5. Vatnaáætlun - athugasemdir

Athugasemdafrestur Umhverfisstofnunar við Vatnaáætlun er til 31. mars nk.

Framkvæmdastjóri kynnti drög að yfirliti og athugasemdum.

Í vinnslu.

6. Iðavallaveita - staða mála

Framkvæmdastjóri greindi frá umræðum á fundi með íbúum og hagsmunaaðilum á Iðavallatorfunni var haldinn 17. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

3. Önnur mál

a) Austurljós.

Drög að tillögu að breyttum samningi liggur fyrir. Í vinnslu.

b) Framkvæmda- og fjárfestingaáætlun ársins.

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu vinnu við gerð áætluninnar. Ólokið er mati á lánsfjárþörf vegna framkvæmda ársins.

c) Útrás fráveitu og framkvæmdir við Tjarnarbraut norðan íþróttahúss.

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu við gerð verksamninga vegna þessara framkvæmda.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundargerð samþykkt og fundi slitið kl. 17:00.

Fundargerð ritaði Björg Björnsdóttir.

Fundargerð staðfest, _____ 2020
